

Evrópska sjúkratryggingakortið

Evrópska sjúkratryggingakortið (ES kortið) er notað ef korthafi veikist eða slasast í öðru EES-ríki. Það staðfestir rétt til heilbrigðisþjónustu sem nauðsynleg er meðan á tímabundinni dvöl stendur í EES landi.

Þegar korti er framvísað greiða einstaklingar fyrir þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda, eins og sjúkratryggðir einstaklingar í því landi sem þeir eru staddir.

Ríkisborgarar Íslands og annarra EES-ríkja sem eru búsettir og sjúkratryggðir hér á landi eiga rétt á að fá evrópskt sjúkratryggingakort.

Evrópska sjúkratryggingakortið gildir í öllum ríkjum EES og Sviss.

Evrópska sjúkratryggingakortið gildir almennt í þrjú ár en fimm ár hjá lífeyrisþegum.

Endurnýja þarf kortið að þeim tíma liðnum.

Um kortið og notkun þess gilda EES-reglugerðir um almannatryggingar og reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Sótt er um kortið á **Réttindagátt einstaklinga** (sjá leiðbeiningar á bakhlið).

Evrópska sjúkratryggingakortið gildir eingöngu hjá þjónustuveitendum sem hafa samninga við hið opinbera í viðkomandi landi en ekki þar sem þjónusta er einkarekin.

Nú er hægt að hala niður snjallsímaforrit í símann sinn sem er þeim eiginleikum gætt að hægt er að skoða hver réttindi handhafa evrópska sjúkratryggingakortsins eru, meðal annars á íslensku. Hægt er að sækja forritið á heimasíðu Sí www.sjukra.is



EVROPSKT SJUKRATRYGGINGAKORT

3 Kenninafn

4 Eiginnafn

5 Fæðingardagur og -ár

6 Kennitala

7 Kennitala stofnunar

8 Númer korts

9 Gildir til

Ef evrópska sjúkratryggingakortið (ES kortið) berst ekki fyrir upphaf ferðar eða glatast er hægt að sækja um evrópskt bráðabirgðakort. Ekki er nauðsynlegt að sækja um bráðabirgðakort nema upp komi neyðartilfelli á ferðalagi. Bráðabirgðakortið nær til sömu landa og ES kortið og er hámarks-gildistími 90 dagar.



CERTIFICATE
PROVISIONALLY REPLACING THE
EUROPEAN HEALTH INSURANCE CARD
as defined in Annex 2 to Decision n° 190 of 18 June 2003
concerning the technical specifications of the European Health Insurance Card

Form identifier Issuing Member State

1. E- 2. IS

Card holder related information

3. Name:
4. Given names:
5. Date of birth:
6. Personal identification number:

Competent institution related information

7. Identification number of the institution: 480408-0550

Card related information

8. Identification number of the card:
9. Expiry date:

Certificate validity period Certificate delivery date

a) From: b) To: c)

Signature and stamp of the institution

d)

Notes and information
All norms applicable to the eye-readable data included in the European card and related to the description, values, length and remarks of the data fields, are applicable to the certificate.

Réttindagátt

Við hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) viljum benda þér á að allar upplýsingar er varða réttindastöðu þína er hægt að nálgast í **Réttindagátt SÍ** – sem finna má á heimasíðu SÍ **www.sjukra.is**.


Sí vinnur nú markvisst að því að bæta við rafræna þjónustu eftir þörfum viðskiptavina sinna. Í Réttindagátt verða t.d. öll bréf frá SÍ og hægt verður að fylgjast með réttindum vegna greiðslubátttöku SÍ í sérfræði-

þjónustu, tannlækningum og lyfjum. Einnig er nú hægt að sækja um Evrópska sjúkratryggingakortið í Réttindagátt SÍ.

Þetta er liður í aukinni vistvænni starfsemi sem leiðir til minni pappírs og færri póstsendinga en að sjálfsögðu sendum við bréf áfram til þeirra sem ekki eiga möguleika á að nýta sér rafræn samskipti.

1 Skráðu þig í Réttindagátt (mínar síður)


Farið inn á www.sjukra.is og smellið á **Réttindagátt - Einstaklingsþjónusta**



2 Þá birtist valmynd þar sem velja þarf hvaða auðkenni þú vilt nota til að skrá þig inn í gáttina. **Ef þú hefur ekki virkjað Íslykil smelltu á „Panta Íslykil hér“.** Skráðu kennitölu þína og Íslykillinn verður sendur í heimabankann þinn. Í heimabankanum er hægt að nálgast Íslykilinn undir "Yfirlit -> Rafræn skjöl" eða "Yfirlit -> Netyfirlit". Ef síðar er farið beint inn á www.island.is, þá þarf að smella á flippann „Íslandstorg“ og velja Sjúkratryggingar.

Leiðbeiningar vegna umsóknar um Evrópska sjúkratryggingakortið

Til að sækja um Evrópska sjúkratryggingakortið er smellt á umsóknir, vinstra megin (sbr. mynd). Síðan smellt á Evrópska sjúkratryggingakortið. Sjá frekari leiðbeiningar á umsóknarsvæði.



Ef evrópska sjúkratryggingakortið (ES kortið) berst ekki fyrir upphaf ferðar eða glatast, er hægt að sækja um evrópskt bráðabirgðakort. Gildir alveg eins og ES kortið.

Eftir að sótt hefur verið um ES kortið er hægt að sækja um bráðabirgðakort undir umsóknar flipa á sama hátt. Þegar umsókn um Bráðabirgðakort hefur verið afgreidd verður PDF skjalið aðgengilegt og tilbúið til prentunar í Réttindagátt SÍ undir Skjöl – Bréf.